

## REGLUGERÐ

### um (17.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

#### 1. gr.

1. ml. 1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,9% af innflutningsverði (c.i.f.) fóðurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,10% af innflutningsverði (c.i.f.), sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,9% af söluverði innlendarar fóðurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,10% (án vsk) af söluverði, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og tekur þegar gildi. Reglugerðin hefur verið tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða eins og henni var breytt með tilskipun nr. 98/48/EBE.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*